



Staðgengilstrygging vegna slysa og/eða sjúkdóma

Skilmáli nr. ST20

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. ST20.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Staðgengilstrygging bætir aukin útgjöld vegna launakostnaðar staðgengils við andlát eða tímabundin forföll tiltekinna starfsmanna vegna slysa eða sjúkdóma.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.
Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

1. Hver er tryggður?

1.1 Tryggingartaki er tryggður.

2. Hvað bætir tryggingin?

- 2.1 Tryggingin bætir sannanleg aukin útgjöld vegna launakostnaðar við andlát eða tímabundin forföll starfsmanns tryggðs sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun vegna slyss eða sjúkdóma.
- 2.2 VÍS greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við tjónsatburð þegar þeirra er aflað að beiðni VÍS.
- 2.3 Það er skilyrði bótaskyldu úr tryggingu þessari að fyrir hendi sé slysatrygging eða sjúkra- og slysatrygging hjá VÍS sem greiðir bætur vegna þess slyss eða sjúkdóms sem olli forföllunum.
- 2.4 Bótapættir sem tryggingin tekur til koma fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

3. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 3.1 Aukin útgjöld ef starfsmaður tryggðs verður óvinnufær að hluta.
- 3.2 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

4. Áhættubreyting

4.1 Tryggður skal tilkynna VÍS án ástæðulauss dráttar ef starfsmaður skiptir um starf hjá honum. Vanræksla á því getur leitt til þess að ábyrgð VÍS vegna hvers tjónsatburðar verði hlutfallslega lækkuð.¹

5. Verð

- 5.1 Verð tryggingarinnar ákvarðast af starfi og aldri starfsmanns tryggðs.
- 5.2 Verð breytist við endurnýjun tryggingarinnar í samræmi við aldur starfsmanns tryggðs og breytingar á vísitölu neysliverðs.

6. Tryggingarfjárhæð

6.1 Hámarks mánaðarlegar bótafjárhæðir koma fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

7. Ákvörðun bóta

- 7.1 Bætur greiðast ekki lengur en í þann hámarksbótatíma sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 7.1.1 Við andlát eru greidd laun staðgengils í allt að þrjú mánuði.

¹ Sbr. 25. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



- 7.1.2 Bætur vegna forfalla starfsmanns tryggðs eru reiknaðar hlutfallslega af mánaðarlegum bótafjárhæðum eftir því hvað forföllin vara lengi.
- 7.2 Með biðtíma er átt við það tímabil sem samkvæmt skírteini eða endurnýjunarkvittun á að líða frá því að starfsmaður tryggðs forfallast og þar til greiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddar bætur.
- 7.3 Ef þörf krefur að mati VÍS skal tryggingartaki veita VÍS aðgang að bókhaldsgögnum og öðrum nauðsynlegum gögnum vegna aukins launakostnaðar.

8. Aldurstakmark

- 8.1 Tryggingin fellur úr gildi þegar eitt ár er liðið frá fyrsta gjalddaga eftir að starfsmaður tryggðs náði 66 ára aldri.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.